



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 17 — SEPT. '80



Útgefandi **ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN**, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon, s. 74558
Gjaldkeri: Einar Steingrímsson, s. 16346, v. 39667
Ritari: Magnús Guðmundsson, s. 30214
Varaformaður: Björn Vilhjálmsson, s. 16543
Meðstjórn: Ingvar Teitsson
Torfi Hjaltason v. 82833

Ritnefnd:

Ábyrgðarmaður: Ingvar Teitsson
Aðrir í ritnefnd: Magnús Guðmundsson
Sighvatur Blöndahl s. 32789, v. 10100
Snævarr Guðmundsson, s. 85070
Guðlaug Halldórsdóttir, s. 75190/74749

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson, s. 75694
Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason

Efni í blaðinu

	Bls.
Frá stjórninni	3
Frá ritnefndinni	3
Félagsstarfið	4
Ofgráðun	5
Fjallaannáll – 3ja grein	6
Fréttapistill	12
Alpaferð	12
Sólbruni – sólvernd	14
Fáfarnir tindar og illklefir	18
Hæstu fjöll Íslands	20
Leiðarvísir ÍSALP – Stardalshnúkur	22
Gráðukvarðar fyrir klettaklifur	26
Námskeiðin	28
Ferðir og fundir ÍSALP	30

Forsíðumyndin: Við uppgöngu sunnan í Loðmundi í Kerlingarfjöllum.
Ljósmynd: Ingvar Teitsson, nóvember 1978.

Setning: Prentstofan Blik
Offsetvinna: Repró
Prentun: Formprent

Frá stjórninni

Halló! mig langar til að vekja upp umræðu um klúbbinn, meðal félaganna sjálfra. Tilfinnanlegur skortur á góðu og miklu sambandi embættismanna klúbbsins (ef svo mætti að orði komast) og félaganna finnst mér gera vart við sig endrum og eins, að minnsta kosti í sambandi við starfsemina. Hvað, eru menn feimnir? Hafa þeir kannski ekki áhuga á starfseminni sem slíkri? Ég held að menn séu hvorki feimnir eða áhugalausir, heldur er misskilningur hér á ferð. Á klúbburinn að halda uppi öfluglu starfi án virkrar þátttöku sem flestra félaga? Nei, ekki aldeilis, slíkt væri útilokað, þess vegna særi ég menn út úr skúmaskotunum fram til baráttu! (hvílikt orðaskrúð!). Í fullri alvöru, það vantar gagnrýni. Ég veit, að það er nóg til af henni, en hún kemur hvergi skýrt fram. Við eigum gott blað sem í vantar efni og einnig eru miðvikudagskvöldin tilvalin. Mín skoðun á klúbbum er í stuttu máli svona: Félagsskapur sem veitir aðstöðu fyrir menn sem fjallamennsku stunda til að koma saman. Hann stuðlar að betri þekkingu og eflingu áhuga almennings á íþróttinni með námskeiðahaldi og fræðslufundum. Þegar ferðir falla niður eða eru ekki á dagskrá, þá eiga menn að nota aðstöðuna til að bjarga sér sjálfir, því oft er erfitt að halda úti góðri ferðaáætlun, sem stenst. Ekki er víst, að þú sért sammála. Mögulegt er, að þín skoðun sé jafnvel skynsamlegri (að vísu eru litlar líkur á því), en hvernig er hægt að taka tillit til þín og þinna, ef að þú lætur aldrei heyrast í þér! Skrifðu eða talaðu svo úr megi bæta, sé eitthvað þá að.

Torfi Hjaltason

Frá ritnefndinni

Hér kemur nú loksins 17. heftið af riti ÍSALP fyrir sjónir lesenda. Eins og sjá má, hefur búningur ritsins enn breyst nokkuð. Horfið var að því ráði að kaupa setningu á blaðið. Þessi nýja áferð gefur blaðinu skemmtilegri og fágæðri svip, auk þess verður textinn læsilegri.

Í síðasta hefti var boðað, að 17. heftið kæmi út í ágúst, en það dregst nú fram í september. Biðst ritnefndin velvirðingar á þessum tölum, hér kom margt til, bæði samarleyfi, tregða við efnissöfnun o. fl.

Sýnt er, að þegar ritið kemur framvegis út (vonandi) 3ja hvern mánuð, verður heppilegt að miða við 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. sem útgáfudaga. Jafnframt verður þess þá krafist, að efni í blaðið hafi borist einum mánuði fyrir útgáfudag. Er vonandi að hægt verði að standa við þessa áætlun, því að ef blaðið hættir að koma út reglulega, eru dagar ÍSALP brátt taldir. Er hér með skorað á alla velunnara ritsins – og Alpaklúbbsins yfirleitt – að forða því að svo fari. Skriðið í blaðið, sendið myndir til birtingar – og síðast en ekki síst: Afið klúbbum nýrra félaga, nýs lífsanda!

Ingvar Teitsson

Félagsstarfið

Tindfjallaferðin:

Farið var í velheppnaða ferð í Tindfjöll um hvítasunnuna, 23.–26. maí. Gengið var um svæðið, aðallega á skíðum, og var m. a. komið við á Haka, Gráfelli, Saxa, Búra, Búraskeri, Hornklofa, Ými, Ýmu, Ásgrindum og Sindra. Veður var hið ákjósanlegasta allan tímann, sól, heiðskírt og stillt; sváfu sumir úti á klöppinni fyrir utan skálann á nóttunni. Þátttakendur voru 7 og fararstjóri Guðjón Ó. Magnússon.

Kerlingarfjallaferðin

var farin helgina 11.–13. júlí. Farið var á einkabílum alla leið í Árskarð, reyndist það

seinfarinn, en klakalaus fólksbílavegur. Á laugardags-morguninn var þungbúið loft og lágskýjað, þó gengum við upp að Loðmundi, upp á Vestari-Loðmundarjökul. Birti þá talsvert til og klifruðum við fyrst upp bratta snjófönn í norðvesturgjanni (Arnórsgjá) á Loðmundi upp á koll hans (1. gráðu snjóklifur). Þaðan héldum við suður af og yfir á Snót, svo áfram vestur yfir Snækoll (1477 m) út á Fannborg. Af Fannborginni gengum við suður og niður í Hveradali, þaðan út með Árskarðsánni að austan og niður á tjaldstæði hjá húsum skíðaskólans.

Á sunnudaginn fór meirihluti hópsins á skíði upp á jökul fram yfir hádegi, en þungbúið var, og sá aldrei til hærri tinda. Heimferðin gekk klakklaust, var komið til Reykjavíkur á 10. tímanum um kvöldið. Þátttakendur voru 11, fararstjóri Ingvar Teitsson.



Á Tindfjallajökli, Tindurinn t. h.
Ljós. Guðjón Ó. Magnússon, maí 1980.



Í blíðskaparveðri við Tindfjallaskála.
Ljós. Guðjón Ó. Magnússon, maí 1980.

Ofgráðun

Í 11. tölublaði ÍSALP voru kynntar skosku ísklifurgráðurnar og tekin upp sú nýjung að gráða snjó og/eða ísklifurleiðir. Þar sem lítil sem engin reynsla var komin á notkun kerfis sem þess, var sú hætta fyrir hendi, að röng gráðun á leiðum gæti átt sér stað.

Nú sem komið er, er meira vitað og meiri reynsla komin á gráðukerfi þetta, og má m. a. minnst á veru Sam Crymbles hér á landi nú í vor sem leið, sem stuðlaði að aukinni þekkingu á gráðum þessum.

Komið hefur í ljós, að hluti af leiðum, sem ÍSALP hefur gráðað, eru ofgráðaðar. Hefur ritnefnd því ákveðið að birta nú leiðréttar gráður á eftirtöldum leiðum:

NV-hlíð Tindsins í Tindfjölum, sem fellur úr III gr. niður í II gr.

Rás 1. vestan Gunnlaugsskarðs er nú I gr. í stað II gr.

„Direct“ leið í SA-hlíð Miðsúlu er nú II gr. í stað II/III gr.

Vesturgil og Norðurgil í Háusúlu eru bæði nú I gr. í stað II gr. áður.

„Prengslin“ í Syðstusúlu verður III gr. í stað III/IV gr. áður.

Erfitt er að segja um gráðuna á Kirkjunni í Örfafjökli, þar sem hún hefur aðeins einu sinni verið klifin og erfitt um að dæma. Þó er hún trúlegast á bilinu III/IV gr. – IV gr.

Snævarr Guðmundsson

Tímabil frumherjanna (1900–1950)

Fyrri hluti: Erlendir menn

3.0 Inngangur.

Uppúr aldamótunum 1900 fjölga mjög erlendum ferðamönnum og vísindamönnum sem til Íslands koma. Einnig auka Íslendingar sínar ferðir til fjalla og öræfa. Sjaldnast er um eiginlegar fjallgönguferðir að ræða framan af, heldur jarðfræði-, landfræði- og landmælingaferðir.

Fjallaferðir sem slíkar hefjast að einhverju marki á vegum Ungmennahreyfingarinnar.

Þessum 2. hluta Fjallaannáls, sem við höfum nefnt Tímabil frumherjanna, verður skipt í tvennt.

Í fyrri hlutanum, sem hér birtist, er aðallega ritað um erlenda menn sem eiga heiðurinn af fyrstu uppgöngu á meiriháttar fjöllum eða kanna mjög markverða staði. Allra leiðangra verður þó varla getið. Mun þessi fyrri hluti ná allt til ársins 1950.

Í seinni hlutanum er getið Íslendinga sem vinna umtalsverð fjallgönguafrek fram til ársins 1950. Þar verður óhjákvæmilega að blanda saman einstaklingum og félögum og nefna ýmis fjöll sem þegar hafa verið nefnd. Loks þarf að helga Fjallamönnum og Guðmundi Einarssyni í Miðdal sérstakan undirkafla í seinni hlutanum.

Greinarnar um 1. tímabil fjallamennsku á Íslandi eru í 14. og 15. tölublaði ÍSALP-risins 1980.

Erlendir menn

3.1. ASKJA (1510 m)

Áður hefur verið getið um ferðir í Öskju, en árið 1907 voru þar Þjóðverjar á ferð. Gengu þeir m. a. fyrstir manna á Þorvaldstind, sem þá var ónefndur og telst hæsti hluti Dyngju-fjalla. Báðir mennirnir, Rudloff og Knebel, drukknuðu í Öskjuvatni um sumarið.

3.2. Herðubreið (1682 m).


Þýski jarðfræðingurinn Hans Reck kleif Herðubreið 13. ágúst 1908. Fylgdarmaður var Sigurður Sumarliðason bóndi. Áttu þeir félagar í töluverðum erfiðleikum, er þeir bröltu upp úr klaufinni norðvestan í hömr-um fjallsins. Hér er um fyrstu óbyggjandi göngu á Herðubreið að ræða.

3.3. Tungnafellsjökull (1540 m).

Allmargir leiðangrar fóru meðfram Tungnafellsjökli á 19. öld. Ekki virðist þó hafa verið gerð tilraun til þess að ganga upp á Hábunguna fyrr en árið 1908. Þar er enn á ferð Þjóðverji, H. Erkes að nafni. Frásögn hans er okkur ekki kunn.

3.4. Landmælingar Herföngjaráðsins.

Landmæling Íslands hófst árið 1902, og var hún framkvæmt af danska Herföngjaráðinu. Mælingarnar stóðu stanslaust fram undir 1940. Kortin sem út voru gefin eftir mælingarnar, eru hin sömu og nú eru notuð.



Við Öskjuvatn

Eins og að líkum lætur þurftu landmælingamennirnir að leggja á sig mikið erfiði til að fara um og mæla svæði, sem lítt voru könnuð áður og erfið yfirferðar. Það er ekki áhlaupaverk að rannsaka í smáatriðum þessa aðgerð sem stóð yfir áratugum saman, eins og áður segir. En það sem teljast verður merkilegasti þátturinn í henni út frá sjónarmiði fjallamanna, er mæling Öræfajökuls og nágrannafjallanna árið 1904.

Föringi fyrir dönsku landmælingamönnum í þessari mælingaferð var liðsforinginn J. P. Koch. Hópurinn lagði af stað frá Skaftafelli upp Skeiðarárjökul 21. júní. Farið var norður fyrir Skaftafellsfjöllin, um Hermannaskarð og haldið kyrru fyrir í Tjaldskarði í 1844 m hæð á hájöklinum. Seinna færðu mælingamennirnir sig sunnar. Vinnan þarna uppi var harðsött og urðu þeir löngum stundum að hirst í tjöldum meðan illviðri geysuðu.

Íslenskur fylgdarmaður leiðangursins var Þorsteinn Guðmundsson bóndi í Skaftafelli. Hest höfðu þeir með sér framan af til flutninga, en urðu að losa sig við hann, þar eð hann komst lítt ferða sinna í snjóbæfingi. Koch og Þorsteinn fóru með hestinn niður að Svínafelli, niður Hvannadalshrygg að því er virðist. Viðdvöl í Svínafelli var stutt og fóru þeir sömu leið upp aftur.

Mælingar á jöklinum tókst vel þrátt fyrir aðstæður og niður kom leiðangurinn þann 7. júlí eftir 17 daga útivist.

Síðan mældu þeir hluta Vatnajökuls norður af Öræfajökli og Breiðamerkurjökul í nánd við fjallaklasana, Esjufjöll og Máva-byggðir.

Að sjálfsögðu voru fleiri fjöll en Öræfajökull erfið til mælinga. Má þar nefna Eyjafjallajökul sem mældur var 1906. Danir höfðu þá annan hátt á en áður og fóru margar dagsferðir upp á jökulinn áður en yfir lauk.



Í Grímsvötnum — eftir hlaup

3.5. Grænalón

Grænalón er stórt jökulstíflað stöðuvatn í Vatnajökli. Var því lengi ruglað saman við Grímsvötn. Watts, sá er gekk yfir Vatnajökul þveran, mun hafa komið að Grænalóni nokkru fyrir jökulferðina eða 1871, en lítið er vitað um þá ferð. Fyrsti meiriháttar leiðangur þangað er farinn 1904. Skoskir náttúrufræðingar, Muir og Wigner eru hrifnir af jakaflotanum og umhverfi vatnsins og gera m. a. uppdrátt af vatninu.

3.6. Kverkfjöll (1920 m).

Fyrsta þekktu uppganga á Kverkfjöll er frá árinu 1910. Þjóðverjinn Trautz ásamt ísl. fylgdarmanni Tómasi Snorrassyni gengur þá á hæsta hluta fjallanna rétt austan Kverkarinnar (1812 m). Trautz þessi kom aftur í Kverkfjöll 1912. Á hæsta hnúk fjallanna, sem er í raun öskjubarmur er gengið 6. ágúst

1933 eða í kringum 20. júlí sama ár — ekki er ljóst hvað réttast er. Ágústferðina fóru þeir Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson. Júliferðina fóru aftur Guðmundur Einarsson frá Miðdal, Lýdía Pálsdóttir, Osvaldur Knudsen, Ernst Herrmann o. fl. Vera má að óvissan stafi af því, að menn gengu ekki á sömu hnúka, en þeir eru fleiri en einn í svipaðri hæð.

Árið 1935 komu svo Jóhannes Áskelsson, Tryggvi Magnússon og Kristján Ó. Skagfjörð í Kverkfjöll ofan af jökli.

3.7. Kerlingar (1339 m).

Danski sendiherrann á Íslandi á árunum fyrir 1930 hét de Fontenay. Hann gekk m. a. á Heklu, Skjaldbreið, Hengil og Snæfellsjökul. Sumarið 1925 fór hann í langan leiðangur ásamt Guðjóni Jónssyni í Ási, Holtum, og Gunnlaugi Briem lögfræðinema inn á miðhálandið. Þeir komu í Tungnaárbotna

og gengu m. a. á Kerlingar sem eru tveir samvaxnir tindar í vesturjaðri Vatnajökuls. De Fontenay kallaði þá Ljónið.

Sami leiðangur fann hið stórskorna Tröllahraun vestan Kerlinga sem rann líklega í miklu eldgosi 1862–1864.

Í sömu ferð fóru þeir félagar um svæðið sunnan undir Hofsjökli.

3.8. Grímsvötn.

Ótvíræð staðsetning Grímsvatna kom í kjölfar sænsks leiðangurs yfir Vatnajökul 1919. Ygberg og Wadell gengu sem næst sömu leið og Watts áður, en þó örlítið austar. Allt í einu stóðu þeir á barmi mikils sigdals. Ekki var veður til að kanna hann að þessu sinni, en Sviarnir töldu öskjuna ranglega vera risastóran eldgíg.

Næst komu menn í Grímsvötn í gosinu 1934. Guðmundur frá Miðdal, Lýdía Pálsdóttir, Sveinn bróðir Guðmundar og Jóhannes Áskelsson hrepptu vont veður og illt færi en komust fast upp að eldstöðvunum. Jóhannes fór tvisvar í Vötnin árið eftir með Trausta Einarssyni, Kristjáni Ó. Skagfjörð og Tryggva Magnússyni. 1946 kom fyrsta vélknúna farartækið í Grímsvötn, beltadráttarvél, í leiðangri undir stjórn Steinþórs Sigurðssonar jarðvísindamanns. Tveir þýsk-austurrískir leiðangrar komu í Grímsvötn árin 1934 og 1935. Fyrri til voru Stefan, Nusser og Jonas, síðan þeir Leutelt og Schmidt, sem báðir voru með þekktari fjallamönnum Evrópu.

3.9. Bárðarbunga (2000 m).

Bárðarbunga, sem talin er ísfyllt askja, er næst hæsti hluti Vatnajökuls.

Fyrsta ferð þangað upp var farin 1935. Rudolf Leutelt, sá er síðar kenndi á námskeiðum Fjallamanna og nefndur er hér á undan, náði á hábunguna með félaganum Karli Schmidt 22. maí. Hæðina mældu þeir 2122.8 m og töldu því Bárðargnipu, eins og

þeir kölluðu hana, vera hæsta tind jökulsins. Fyrri hæðarmælingar reyndust réttari þegar betur var að gáð.

Guðmundur frá Miðdal kom á Bárðarbungu næstur eftir þeim félögum fjórum árum síðar með félögum úr Fjallamönnum, en leiðangur Steinþórs Sigurðssonar svo aftur árið 1946.

3.10. Um Vatnajökul.

Getið er um helstu ferðir á Vatnajökulssvæðinu fyrir 1900 í fyrri hlutum Fjallaannáls. Á fyrri hluta þessarar aldar fjölgaði mjög ferðum um Vatnajökul. Til dæmis fóru þrír Hornfirðingar yfir jökulinn austanverðan fram og til baka. Lengst fóru þeir í Bárðardal um Öskju, en gengu svo nefnda Norðlingalægð í jöklinum á skiðum og yfir Breiðubungu. Premeningarnir hétu Helgi Guðmundsson, Sigurbergur Arnason og Unnar Benediktsson.

Á Grendil og Goðaborg stigu þeir ef til vill fyrstir manna Guðmundur frá Miðdal, Hoffellsbændur og tveir erlendir fjallamenn 1934. Sama sumar virðast Guðmundur og félagar fara í Esjufjöll. Meiriháttar rannsóknaleiðangrar fara fyrst um jökulinn eftir 1950 (Fransk-íslenski leiðangurinn m. a. með A. Joset og Jóni Eypórssyni 1951 og fyrsti leiðangur Jöklarannsóknafél. 1953).

Á þessum árum ganga margir á Hvannadalshnúk. Einu heimildir um meiriháttar klifurferð er úr dagbók Guðmundar frá Miðdal. Hann og R. Leutelt fóru frá Fagurhólsmýri hina venjulega leið á hnúkin, en niður af honum suðvestantil, gegnt Dyrhamri og síðan niður Falljökul að Rauðakambi, yfir Virkisjökul neðanverðan og til Svínafells. Þetta var árið 1935.

3.11. Kerlingarfjöll (Snækollur 1477 m)

Fyrstur leiðangra í Kerlingarfjöll, sem þar stansar umtalsverðan tíma, mun vera hópur

undir stjórn G. L. Wunders. Áður hafði hann farið á vegum þýskrar vísindastofnunar á Eyjafjalla-, Tindfjalla- og Langjökul á árunum 1908 og '09. Sumarið 1911 dvelur Wunder með samstarfsmönnum sínum langdvölum í Kerlingarfjölum við hvers kyns athuganir og mælingar. Þeir ganga m. a. á Snækoll, Mæni, Ögmund og Fannborgu, rannsaka berg, jökla, flóru og hveravirknina.

Áður höfðu komið snögga ferð í fjöllin þeir Þorvaldur Thoroddsen (1888), Daniel Bruun (1897) og Knebel (1905). Fyrsta ganga á Loðmund, að því er vitað er, verður skráð árið 1939. R. Leutelt, Guðmundur frá Miðdal, Lydía Pálsdóttir o. fl. klifa tindinn að sunnan þar sem hamrabeltið á kolli hans er lægst. Mátti lengi finna þar þrjá fleyga sem hópurrinn skildi eftir.

3.12. Hofsjökull (1765 m).

Fyrrgreindur Wunder fór yfir Hofsjökul vestanverðan meðan á dvöl leiðangurs hans stóð í Kerlingarfjölum. Notaðir voru hestar og farið í allt 8 1630 m hæð á leiðinni til Hveravalla. Að jöklinum sunnanverðum höfðu áður komið Bunsen og Waltershausen (1846), Þorvaldur Thoroddsen (1896) og Erkes (1908). Danski jarðfræðingurinn N. Nielsen kom á svipaðar slóðir 1928.

Vert er að geta sérstaklega göngu Danans I. C. Schythe á Arnarfell hið mikla árið 1840.

Á jökulskerin hæst í jöklinum og hábunguna sjálfa fóru manna fyrstir þátttakendur 1. námskeiðs Fjallamanna í Kerlingarfjölum 1939 – að því er best verður séð.

3.13. Hrútfell (1410 m).

Fyrstir til að ganga á Hrútfell á Kili voru tveir þjóðverjar, Iwan og Oetting. Þeir dvöldu á Kili við rannsóknir árið 1928 og reyndu við fjallið að austan en snéru við eftir að annar hafði fallið í jökulsprungu. Upp komust þeir að norðanverðu. Þjóðverjarnir dvöldust þrjá daga á Hofsjökli neðanverðum fyrr í ferðinni. Leiðsögumaður þeirra var þekktur öræfafari, Stefán Filippusson úr Reykjavík.

Rétt er að geta þess að Iwan og Oetting gengu ásamt Stefáni á Skriðufell í Langjökli (1235 m) og inn á hábungu jökulsins árið áður.

Magnús Guðmundsson
Ari Trausti Guðmundsson

Kynnist yðar eigin landi

Það gerið þér best með því að gerast félagi í FERÐAFÉLAGI ÍSLANDS. Árgjaldinu er alltaf í hóf stillt og fyrir það fáir þér Árbókina, sem ekki fæst í bókabúðum, og mundi kosta þá mun meira en félagsmenn greiða fyrir hana með ársgjaldinu. Árbækur félagsins eru orðnar 53 talsins og eru fullkomnasta Íslandslýsing, sem völ er á. – Auk þess að fá góða bók fyrir lítið gjald, greiða félagar lægri fargjöld í ferðum feálgsins og lægri gistigjöld í sæluhúsum.

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERA Í FERÐAFÉLAGINU

Gerizt félagar og hvetjið vini og kunningja til að gerast einnig félagar og njóta hlunnindanna.



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Öldugötu 3 – Reykjavík – Símar 19533 og 11798

Fréttapistill

Nýlega var gerð tilraun til að klífa Skarðatind (1385 m) í Öræfum. Hér var um að ræða sólótilraun af hálfu Helga Benediktssonar, en samferðafélagi hans, Pétur Ásbjörnsson, þurfti að hætta við niðri í Morsárdal vegna slæmsku í fæti. Hélt því Helgi áfram einn síns liðs upp í vesturhliðarnar og inn í þökuna, sem var í um 700–800 m. Er hann kom uppúr henni, náði hann í skarð nokkurt sunnan við aðaltindinn. Fór hann þar á tind nokkurn sunnan við skarðið, en hætti við að reyna við Skarðatindinn úr þessari átt vegna 100 m lóðréttis klettabeltis, sem trúlega er ókleift.

Ákvað Helgi því að reyna norðanvið Skarðatindinn, en með því að fara upp snjóskafi þar má komast nálægt tindinum. Þegar nær dró, kom í ljós, að skafinn var sundurslitinn og sköguðu hamrar og klettafláar upp úr, auk þess sem snjórinn var orðinn illilega gljúpur í hita dagsins. Varð hann því að hverfa frá.

Alpaferð

Ákveðið var eftir nokkrar bréfaskriftir, fum og fuður, að við þrír félagarnir úr ÍSALP, Ágúst Guðmundsson og Arngrímur Blöndahl úr Hjálparseit skáta í Reykjavík og Sighvatur Blöndahl úr Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík, færum á árlega alsherjaræfingu svissnesku Alpaþjörgunarsveitanna í Grindelwald í Mið-Sviss, dagana 19.–21. júní s. l. – Í kjölfar æfingarinnar höfðum við svo í huga að sigra einhverja tinda.

Við flugum til Luxemborgar og okum þaðan á bílaleigubíl niður til Grindelwald í hálfgerðu leiðindaveðri. Við komuna til Grindelwald brá okkur heldur betur í brún, öll fjöll voru á kafi í snjó.

Vestrahornið var heimsótt af tveim félögum ÍSALP dagana 25.–27. júní síðastl. Áttu þar í hlut þeir Snævarr Guðmundsson og Höskuldur Gylfason. Fyrsta daginn fóru þeir 300 m langa leið með hreyfingum af 3. gr. Daginn eftir var reynt við tind nokkurn, sem Rustanöf heitir. Þar var komist í hreyfingar af 3+. Samt var horfið frá því verkefni, því að efstu 20–30 metrnir virtust ókleifir.

Að kvöldi fimmtudagsins 26. júní var svo lagt á Vestrahornið sjálft og náðu þeir félagar tindinum stuttu fyrir miðnætti. Var þar lítið um klifur, en ekki fóru þeir sömu leið og þeir Ævar og Örvar Aðalsteinsynir og Birgir Jóhannesson fóru í fyrri.

Að lokum má benda á, að í júníhefti Climber and Rambler 1980, birtist grein þar sem greint er frá göngu þriggja Breta á Hvannadalshnjúk í sama mánuði.

Snævarr Guðmundsson

Þessi miklu snjóþyngsli höfðu þó engin áhrif á gang mála á æfingunni, sem gekk með ágætum, og óhætt er að fullyrða, að ýmislegt nýtt lærðum við þar í sambandi við björgunartækni.

Svissnesku atvinnufjallamennirnir voru á einu máli um, að aðstæður væru afleitar á Bernar Oberlandsvæðinu, nema hvað hægt væri að fara léttar leiðir á Mönch og Jungfrau. Við ákváðum því að halda til Zermatt í Suður-Sviss og freista þess, að þar væru aðstæður eitthvað skárri, en okkur var sagt, að veður hefði verið heldur betra þar að undanförmu.

En við komuna til Zermatt varð engin breyting á, þar var sama leiðindaveðrið, rigning niðri og snjór á fjöllum, og til að kóróna vitleysuna, voru aðstæður þar jafn-



Breithorn (f. miðju) og Kleine Matterhorn (t. h.) – á sólbjörtum degi.
Ljós. Ingvar Teitsson, ágúst 1978.

vel verri vegna mikilla snjóa. Eftir um sólarhringshangs í grenjandi rigningu ákváðum við svo að taka okkur far með loftbananum upp á Kleine Matterhorn, sem er í 3875 metra hæð, og þaðan ætluðum við svo að röltu upp á Breithorn, sem er 4165 metra hátt fjall þar við hliðina. Þetta ætluðum við að gera til þess að koma ekki alveg tómhentir heim. En þetta var ekki okkar dagur frekar en aðrir dagar í ferðinni. Á miðri leið, í Trockener Steg, var okkur sagt, að baninn færi ekki lengra, þar sem of vindasamt væri uppi. Við ákváðum því að röltu upp í Gandeggshütte, sem er í rúmlega 3200 metra hæð og svo þaðan upp í skíðasvæðið fræga Testa Grigia, sem er í um 3500 metra hæð. Færið upp eftir var hreinasta hörmung, maður sökk upp fyrir hné á stundum í snjóinn. Er upp var komið, ákváðu Addi og Gústi að

halda áfram áleiðis upp á Breithorn, en ég ákvað að halda niður aftur, var lítillaga hrjádur af súrefnisleysinu og nennti hreinlega ekki að fara að þína mig fyrir Breithorn, þar sem við höfðum allir labbað á fjallið fyrir nokkrum árum. Veðrið fór stöðugt versnandi, og þegar þeir áttu um 200 metra eftir upp á tindinn ákváðu þeir að snúa aftur, því ekki sást út úr augum og svo það, að ef þeir væru öllu lengur á ferðinni, myndu þeir missa af síðasta bana niður.

Eftir nokkrar umræður urðum við sam-mála um, að flestar áhugaverðar leiðir á fjöll voru hreinlega ófærar, ákváðum við að renna aftur upp til Grindelwald og freista þess að fá þokkalegt veður til að tölta á Jungfrau eftir normaleiðinni. Það rættist hins vegar ekkert úr veðri, og því varð ekkert úr stórafrekum að þessu sinni, nema ef ske kynni á sviði björbrykkju, enda voru engar torfæur þar á leiðinni.

Sighvatur Blöndahl

Sólbruni — sólvernd

Inngangur:

Sólbruni, bæði á hörundi, vörum og augum (snjóblindu) er fjallamönnum, og útivistarfólki yfirleitt, oft til ama og óþæginda. Að vísu er eftirsóknarvert að vera útitekinn og sólbrúnn, en skammturinn, sem við fáum af sólinni og geislum hennar, getur hæglega orðið of mikill, ef aðgát er ekki höfð. Grein þessari er ætlað að fjalla nokkuð um eðli og aðdraganda sólbruna og þá um leið, hvernig hægt er að forðast óþægindin og meðhöndla þau.

Sólargeislar — áhættuþættir:

Geislar þeir, sem sólin sendir okkur jarðarþúum, eru ekki eingöngu sýnilegt ljós. Einnig fáum við bæði útfjólubláa og innrauða geisla, en það eru einmitt þeir fyrrnefndu, sem hér verður fjallað um. Gufuhvolfið, og þá ekki síst ózon-lag í háloftunum, sár nær algjörlega frá þá útfjólubláu geisla, sem hafa styttri bylgjulengd en 290 nanómetra (nm), en útfjólubláir geislar af bylgjulengdinni 290–320 nm sleppa að nokkru í gegn og niður til okkar. Það eru einmitt þessir geislar, sem við höfum áhuga fyrir, því að þeir valda ekki aðeins sólbruna og snjóblindu, heldur líka sólbrúnkunni eftirsóknarverðu.


Venjulegt sólarljós við sjávarmál inniheldur um 1–2% af útfjólubláum geislum. Uppi í tæru háfjallalofti (3–4 þús. metra eða meir y. sjó), þar sem gufuhvolfið fyrir ofan er orðið þynna, og loftmengun jafnframt minni, getur magn útfjólublárre geisla hins vegar farið upp í 5–6%. Hér skiptir einnig verulegu máli, hve hátt sólin er á lofti. Ef hún er nærri sjóndeildarhring, þurfa geislarnir að fara lengri leið gegnum gufuhvolfið (sjá mynd nr. 1) — og þá síast meira

frá af útfjólubláum geislum — brunahættan minnkar því. Af sömu ástæðu er sólskin á okkar norðlægu íslensku breiddargráðu ekki eins varasamt og suður í Alþafjöllum — eða enn sunnar — þar sem sólin kemst nær beint upp yfir höfuð fólks. Íslensk miðsvetrarsól verður af sömu ástæðu meínlítill — og sein til að gefa brúngu. Hér ætti ekki að vera teljandi hætta á sólbruna (þar með talið snjóblindu) í nóvember — febrúar.

Fleira skiptir máli í sambandi við hættu á sólbruna. Fyrst er þar að telja endurkast frá umhverfi. Flestir þekkja, að mun meiri hætta er á sólbruna á snævi þöktu landi, enda endurkastar hvítur snjórinn sólar-geislum mun betur en autt land. Segja má t. d., að hætta á sólbruna í augum (snjóblindu) sé hverfandi nema í snjó. Skýjaður himinn dregur einnig úr geislun frá sólu, en rétt er þó að muna, að brunahætta getur vissulega verið fyrir hendi í þunnskýjuðu veðri. Slíkt veður, t. d. uppi á jökli, er eitt hið hættulegasta m. t. t. sólbruna, því að þá varast fólk síður hættuna. Skýring þessa er m. a. sú, að útfjólubláir geislar sólar dreifast meir og brotna í gufuhvolfinu en sýnilegt ljós. Ósýnilegir brunageislar eiga því greiða leið til okkar, þótt skýjaslæður eða þunn þoka byrgi að nokkru fyrir sólu.

Húðbruni:

Helstu einkenni sólbruna á hörundi og vörum eru öllum þorra fólks svo vel kunn, að tæpast þarf að fjölyrða um þau. Ef hörund okkar fær á sig geislun yfir visst lágmark, kemur fram roði nokkrum klukkustundum síðar. Roði þessi einskordast við geislaða svæðið, sbr. það, þegar menn verða



Mynd 1: Því skemmri leið sem sólargeislarnir þurfa að fara gegnum gufuhvolfið þeim mun meiri verður brunahættan.

ekki útiteknir undir bakpokaólum, þótt annars séu berir að ofan. Ef geislunin er nógu mikil, kemur fram bjúgur, hiti og blöðrumyndun í húðinni. Í verstu tilfellum fylgir svo sársauki, vanlíðan, ógleði, uppköst og sótthiti.

Þessi bráðu einkenni ná verjulega hámarki e. 12–24 klst., síðan fer brunna svæðið að flagna eftir fáeina sólarhringa.

Meðferð sólbruna er fremur einföld, en oft ófullnægjandi. Hægt er að lina óþægindin með köldum bókstrum og vægum húðsmyrslum. Í verri tilfellum þarf hins vegar að nota bólgustemmaði smyrsl eða krem (með barksterum í), krefst slíkt læknis-meðferðar.

Mikilvægast er þó að **fyrirbyggja** sólbruna. Er það hægt með ýmsu móti, aðalatriðið er þó að útsetja sig ekki fyrir of

miklu sólskinu í senn, t. d. ef farið er í fleiri daga útivist. Rétt er að geta þess hér, að fólk er mjög misnæmt fyrir sólbruna á hörundi, rauðhætt fólk og ljóshætt öðru viðkvæmara. Ef legið er í sólbaði, mætti t. d. byrja með 10–20 mín. fyrsta daginn, smálengja svo tímann.

Ef ekki er unnt að stilla sólbaðstíma í hóf, t. d. á langri jökulgöngu, verður að **verjast** sólinni, en hvernig?

Fyrst skulu nefnd **klæði**: Óvant fólk á jökulgöngu í sól má aldrei láta það henda sig að ganga tímum saman á nærfötunum einum, slíkt býður hættunni heim. Hér verður að skýla með einhverjum flíkum, t. d. þunnri skyrtu, og verður þá jafnvel að hafa ermarnar niðri. Sólhattur er mikilvæg vörn fyrir andlit og háls, sbr. bardastóra hatta suðrænna þjóða. Í verstu tilfellum verður fólk að hylja andlitið með hvítri grímu, er það þó varla þægilegur búnaður.


Pá skal nefna **sólaráburð**: Hér fást alls konar sólaroliur og sólkrem, en því miður er margt af þessu mjög lélegt og veitir litla sem enga vernd, ilmar hins vegar dável. Því má hiklaust mæla með, að fólk noti viðurkennd krem með háum verndunarþætti, t. d. ef fara skal í jökulgöngu að sumarlagi. Verndunarþáttur í sólaráburði er hugsaður þannig, að ef borið er t. d. krem með verndunarþætti nr. 6 á annað handarbakið, en hitt látið óvarið, þó roðnar hið smurða fyrst eftir sexfalt lengra sólbað en hið ósmurða. Engum vafa er bundið, að góð sólkrem eins og Piz Buin nr. 6+ Gletscher og Eversun nr. 7, sem bæði fást hér yfirleitt, veita mikla vernd, ef þau eru notuð rétt. Er hér átt við, að bera þarf kremið á **fyrirfram** og **endursmyrja** svo á 1–2ja klst. fresti, meðan verið er í sól, sérstaklega, ef viðkomandi svitnar mikið.

Sólbruna á **vörum** er rétt að nefna sérstaklega. Varirnar eru viðkvæmar fyrir sól og brenna auðveldlega. Mikilvægt er því að verja þær, og hér fást ýmsar tegundir varaáburðar með þekktum vörumerkjum, s. s. Piz Buin. Mörgum, þ. á. m. undirrituðum, hefur hins vegar reynst fullnægjandi – og mun ódýrara – að nota glæran varaáburð, bandarískan, sem fæst í Sölunefnd Varnarlíðseigna í Reykjavík.

Í mikilli sólbirtu, t. d. á langri jökulgöngu að sumri, er þó rétt að benda á varaáburð, sem inniheldur zinkpasta og er hvítur eða því sem næst. Þessi áburður veitir mun betri vernd en sá glæri. Hins vegar verða menn ósnotrir um varirnar með hann, minna helst á illa málaða sirkustrúða, eins og myndir úr þessum ferðum bera með sér.

Snjóblindla:

Eins og víkið hefur verið að hér að framan, brenna útfjölubláir geislar sólarinnar ekki einungis hörund okkar og varir, augun geta



Mynd 2: Rifuspjöld.

orðið illa úti líka. Hér er átt við snjóblindu, sem er raunar bruni á hornhimnu (glæru) augans og á slímhimnu þeirri sem klæðir hvítu augans. Snjóblindla er raunar sama eðlis og rafsudublanda, í síðarnefnda tilvikinu koma útfjölubláu geislarnir úr rafsuduloganum.

Til þess að snjóblindla komi fram, þarf tiltölulega mikla geislun. Talið er, að snjóblindla komi aldrei fram nema á snævi eða ís þöktu landi. Fólk er eitthvað misnæmt, brúneygt fólk fær snjóblindu síður en bláeygt. Hins vegar myndast ekki aukið þol í auganu gegn sólargeislum við endurtekin sólboð, sbr. aukið viðnám hörundsins, þegar það venst sól og verður brúnt.


Snjóblindla er hliðstæð hörundsbruna að því leyti, að óþægindin byrja jafnan ekki fyrr en 6–10 klst. eftir að fólk hefur orðið fyrir geisluninni. Því meiri sem geislunin hefur verið þeim mun fyrr geta óþægindin komið fram. Fyrstu einkennin eru dálítil ónotatilfinning, líkt og sandkorn séu í augunum. Í slæmum tilfellum ágerist þetta svo, uns hinum sjúka finnst augun vera full af sandi, sem þó gengur ekki að nudda úr. Miklir verkir fylgja oft, einnig þolir hinn sjúki illa birtu, vill helst liggja í myrkri. Tárarennslir verður mikið og herpingur í hvörmunum, hinn sjúki getur e. t. v. alls ekki opnað augun, veldur sú tilfinning oft mikilli vanlíðan. Augu hins sjúka verða rauð og þrútin, og hægt er að sýna fram á brunasár á hornhimnu augans.

Verstu óþægindin standa venjulega 6–8 klst. og eru gengin yfir e. 2 sólarhringa. Oft getur þó höfuðverkur og sjóntruflanir enst í fáeinar vikur.

Slæm snjóblindla krefst lækni meðferðar, ef nokkur kostur er. Meðferðin er einkum fólgin í að bera deyfandi dropa, e. t. v. með barksterum í, í augun. Þá er bundið fyrir augun og hinn sjúki lagður í rúmið og gefin sterk verkjalyf, t. d. Dolvirantöflur. Kaldir bakstrar á augun lina einnig verstu óþægindin, ekki síst, ef byrjað er snemma á þeim.

Mikilvægast í sambandi við snjóblindu er þó að **fyrirbyggja** hana. Enginn skyldi leggja upp í ferð að degi til í snjó, hvort heldur á vetri eða sumri, án einhverrar augnverndar. Við flest íslensk skilyrði eru glær gleraugu fullnægjandi, enda sleppa útfjölubláir geislar ekki gegnum gler svo neinu nemi. Sbr. einnig það, að fólk verður ekki brúnt af að liggja í sólbaði inni bak við gler.

Við svæsnari birtu, t. d. uppi á jökli, á sumardeg, veita hins vegar glær gleraugu



Mynd 3: Sólgleraugu með hliðarhlífum.

ekki næga vernd. Þar verður að hafa dökk gleraugu, helst með hliðarhlífum, til að draga úr geisluninni. Ef sólgleraugu glatast, má bjarga sér með rifuspjöldum, sjá mynd. Í einföldustu gerð er þetta bara pappaspjald, sem klipptar eru láréttar eða lóðréttar rifur í. Augnhlífar af svipuðu tagi hafa Eskimóar lengi notað, og geta þær afstýrt slysi, ef svo ber undir.

Ingvar Teitsson



MEÐ Í
BAKPOKANN



Fáfarnir tindar og illklefir

Magnús Guðmundsson og undirritaður hafa verið að taka saman annál íslenskrar fjallamennsku. Við erum þegar farnir að vinna við nútímann, ef svo mætti segja, og vantar ýmsar upplýsingar. Hér á eftir fer nokkur listi yfir ýmis fjöll og tindar í suðurhluta Vatnajökuls og suðaustan hans. Sumir tindanna hafa þegar verið gengnir, aðrir ekki – svo vitað sé.

Lesendum er bent á, að okkur er þörf á að fá vitneskju um ferðir í fjöllin. Þá má einnig líta á listann sem áeggjan til fjallamanna, því hér er yfirleitt um meiri háttar klifur að ræða á íslenskan mælikvarða.

Upplýsingar eru vel þegnar í síma 35904 (Ari) og 30214 (Magnús).

1) Súlutindur –

Móbergstrýta, ekki óáþekkt Hraundranga í Öxnadal. Tindurinn er vestan Skeiðarárjökuls (um 600 m). Ógenginn.

2) Skarðatindur (1385 m) –

Brattur tindur milli Morsárjökuls og Skaftafellsjökuls. Genginn 1954 í fyrsta sinn. Ekki vitað um klifur þar síðan.

3) Dyrhamar (1911 m) –

Undir Hvannadalshnúk. Farið var á hærri og auðveldari hlutann árið 1978 (F. Í.), en neðri strýtan er ógengin.

4) Hrútsfjallstindar (1875 m) –

Mikill tindaklasi norðvestan Hvannadalshnúks. Svæðið er afar stórskorið og lítið hefur verið farið um það.

5) Þuríðartindur –

Hvass og brattur líparittindur norðaustan Hvannadalshnúks, austan við hálsinn, sem tengir Örafajökul við sjálfan Vatnajökul. Tindurinn er 1741 m hár.

6) Mikill –

Klettahamar austur en Þuríðartindur, nær Esjufjöllum.

7) Snókur –

Hvass tindur í norðurhluta Esjufjalla. Félagar úr ÍSALP reyndu við hann 1979, en urðu frá að hverfa vegna lauss bergs. Vera má, að tindurinn sé kleifur í vetrarfrostum eða snemma vors.

8) Veðurárdalstindur –

Í Veðurárdalsfjöllum, sem eru vestan við Þverártindsegg. Þessi hluti fjallanna er 1240 m, og er lítið vitað um ferðir þar.

9) Snæfell –


Klettatindur við norðurenda Þverártindseggjar, 1383 m á hæð. Innar og austar eru svo tveir þverbrattir drangar, Karl og Kerling, ógengir (1088 m).

10) Birnadalstindur (1406 m) –

Austan við Kálfafellsdal. Hefur verið genginn, en fregnir vantar. Þar austar er líka Miðfell, 1128 m.

11) Vörðutindur (1057 m) –

Er í Heinabergsfjöllum vestan Fláajökuls. Þar er einnig Bakkatindur, álíka hár. Í jökulbrúninni inn af Vörðutindi er Humarkló,



Súlutindur á Eystra fjalli.

mikill, óklifinn klettarimi, og fleiri ónefnd jökulsker og drangar norðaustar og norðar.

12) Fláafjall –

Hvass blágrýtishryggur austan Fláajökuls, með bröttum smátindum (upp í 1188 m).

13) Jökulgilstindur (um 1313 m)

Á Lónsöræfum – hvasst horn með mörgum hvíltarjökum. Í norðvestur gengur tindaröðull með Flugustaðatindum (1122 m), Tungutindum (1175 m) og endar í Hofsjökli (1069 m), lítilli jökulbungu.

14) Goðaborg (1425 m) –

Sérkennileg klettaborð í jöklinum vestan Hoffellsjökul. Frá henni gengur fjallshryggur til suðausturs, m. a. með Grasgiljatindi (1276 m). Um þessi síðasttöldu fjöll (11–14) vantar ferðasagnir að mestu. Ef menn ætla að kanna eitthvað af þessum fjöllum og tindum, er þeim bent á, að skoða vel kort, leita ráða kunnugra og gæta fyllstu varúðar í efstu hæðum.

Ari Trausti Guðmundsson

Hæstu fjöll Íslands

Sitthvað forvitnilegt kemur í ljós þegar athuguð er hæð íslenskra fjalla. Það sem kom undirrituðum mest á óvart, var fjöldi þeirra fjalla (tinda, bungna, gnýpa) sem ná 1000 m hæð yfir sjó. Eftir lauslega talningu varð talan einhversstaðar á bilinu 500–600. Sumir furða sig eflaust á því hve talan er há, en skal þar bent á, að bæði Tröllaskagi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar og Austfjarðafjallgarðurinn eru að miklu leyti yfir 1000 m á hæð að jafnaði og er þar mörg gnýpan. Þá má líka endalaust deila um það, hvað sé sjálfstæður tindur og hvað ekki.

Hér á eftir fer listi yfir 50 hæstu fjöll Íslands. Sjálfsgat má finna í honum villur, en hitt er, eins og áður segir, alltaf matsatriði, hvað teljist sjálfstætt fjall og hvað ekki. Hér fer það eftir duttlungum undirritaðs.

Örefajökull hefur nokkra sérstöðu, því þó hann teljist eitt fjall eru á honum margir tindar. Er þeir flestir taldir upp hér til þess að gefa hugmynd um hversu margbrotið fjall Örefajökull er.

Allar hæðatölur fengnar af kortum landmælinga Íslands.

1. Örefajökull, Hvannadalshnúkur	2119 m
—, Sveinstindur	2044 m
—, Snæbreið	2041 m
—, Jökulbak	1922 m
—, Dyrhamar	1911 m
—, Hrútsfjallstindar	1875 m
—, Hnappur (vestari)	1851 m
—, Rótarfjallshnúkur	1848 m
—, Hnappur (eystri)	1758 m
—, Þurðartindur	1747 m
—, Kirkjan	1741 m
—, Svínahryggur	1629 m
—, Káratindur	1575 m
—, Mikill	1472 m
—, Antafjallstindur	1460 m
2. Bárðarbunga	2000 m
3. Kverkfjöll, eystri	1920 m
4. —, vestari	1860 m

5. Snæfell	1833 m
6. Hofsjökull	1765 m
7. Snæhetta, Vatnajökull	1760 m
8. Svíahnúkar, Grímsfjalli	1719 m
9. Hábunga, Vatnajökli	1700 m
10. Herðubreið	1682 m
11. Eiríksjökull	1675 m
12. Eyjafjallajökull	1666 m
13. Þórðarhyrna, Vatnajökli	1659 m
14. Hamarinn, Vatnajökli	1573 m
15. Grendill, Vatnajökli	1570 m
16. Þverártindsegg	1554 m
17. Tungnafellsjökull	1540 m
18. Kerling, v/Eyjafjörð	1538 m
19. Breiðabunga, Vatnajökli	1520 m
20. Háhyrna, Tungnafellsjökli	1520 m
21. Þorvaldstindur, Dyngjufjöllum	1510 m
22. Hekla	1491 m
23. Goðabunga, Mýrdalajökli	1480 m
24. Snækollur, Kerlingarfjöllum	1477 m
25. Tröllafjall, v/Glerárdal	1471 m
26. Ýmis, Tindfjallajökli	1462 m
27. Trölladyngja	1460 m
28. Goðahnúkar, Vatnajökli	1460 m
29. Miklafell, Hofsjökli	1456 m
30. Fagrafell, Tungnafellsjökli	1452 m
31. Vindheimajökull	1451 m
32. Háabunga, Mýrdalsjökli	1450 m
33. Mávabyggðir	1449 m
34. Ýma, Tindfjallajökli	1448 m
35. Snæfellsjökull	1446 m
36. Kistufell, Óðáðahrauni	1444 m
37. Geirvörtur, Vatnajökli	1441 m
38. Stóristallur, v/Glerárdal	1440 m
39. Loðmundur, Kerlingarfjöllum	1432 m
40. Miðfellstindur, Skaftafellsfjöllum	1430 m
41. Fannborg, Kerlingarfjöllum	1428 m
42. Hverahnúkar, Kerlingarfjöllum	1425 m
43. Goðaborg, Vatnajökli	1425 m
44. Djúfjallshnúkur, v/Svarfæðardal	1421 m
45. Snót, Kerlingarfjöllum	1420 m
46. Bárðartindur, Vonarskarði	1417 m
47. Kistufjall, Tröllaskaga	1411 m
48. Hrútfell	1410 m
49. Kaldárnúpur, Birnadalstindur	1406 m
50. Geitlandsjökull	1400 m

Magnús Guðmundsson

“FOR RELIABILITY I RECOMMEND BLACKS EQUIPMENT”
says

Hamish MacInnes

MOUNTAINEER, EXPLORER AND MOUNTAIN RESCUE LEADER.

HIGHLAND 68 HOODED SLEEPING BAG WITH FULL LEFT HAND OR RIGHT HAND ZIP

The only range of synthetic bags to combine first class insulation, small bulk and long life. Blacks unique Thermolon filling with no sew through points guarantees warmth even when wet. Thermolon's continuous fibre does not lump or break up like cheaper competitors after hard use or repeated washing. A ripstop nylon outer and polycotton inner provide comfort and hard wear. As used above 20,000 ft in the Himalayas. Also available in short hood and no hood options.




ARMADILLO 3 MAN UNIT HOOP TENT

Weighing less than 8 lbs complete, this large (6' 6" x 6' 3") tent has a breathable ripstop nylon, flame retardant inner and a P.U. coated flysheet. The unique design allows easy and speedy erection, and always maintains separation between inner and flysheet. Extremely stable with excellent insulation and ventilation properties. Tough, heavy duty nylon supported P.V.C. groundsheet. Shock cord linked aircraft alloy poles provide the ideal blend of flexibility and strength. "The Armadillo is a new dimension in tent design which will become a standard in years to come" - Hamish MacInnes.



WILDERNESS 65 LITRE INTERNALLY FRAMED RUCKSACK

Brown Best Wilderness are the only sack with integral frame giving complete carrying comfort fully or lightly loaded. Three frame sizes to allow perfect fit & to transfer weight properly, through the frame to shoulders and hips. Light weight (1.5 kilos) is combined with great strength by the use of practically untearable Cordura®. Padded shoulder straps and hip belts with a padded cotton back panel ensure maximum comfort. Four compartments with bivvy extension. Double bottom for long life. Available in a 50 litre version.



MACINNES 2 CLIMBING SACK


This 55 litre capacity Brown Best sack weighs just over 1 kilo and provides super strong integral hauling loops, unique ice axe sleeve, crampon patch, Karabiner loops and hammer holsters. The waist belt is padded and the back cotton covered for added comfort. Main material is hard wearing waterproof Cordura® with double base for long life. The generous elasticated lid covers a P.U. coated bivvy extension. Bright red for good looks and mountain safety. Also available in a 40 litre capacity version with similar features.

In case of difficulty, or to obtain catalogues, write to:-

Marketing Manager,
Blacks of Greenock Ltd.,
Industrial Estate,
Port Glasgow, PA14 5XN,
Scotland.

who will supply names of nearest stockists.

**Blacks
of Greenock**



Leiðarvísir ÍSALP:

Nr. 11: STARDALSHNÚKUR


Stardalshnúkur er rétt suðvestan við Skálafell við Esju. Ekið er Vesturlandsveg, þar til beygt er í átt til Þingvalla, síðan er afleggjari á vinstri hönd, skömmu áður en vegurinn að Skálafelli birtist, upp að bænum Stardal. Þetta er einkavegur og umferð því háð velvilja jarðareigenda eða ábúenda, þess vegna er brýnt, að tekið sé tillit til þessa, og kurteisi sé ávallt með í förinni, svo og góð umgengni. Athugið að leggja bílum, þar sem þeir verða ekki fyrir neinum. Gengið er upp skriðurnar fyrir ofan bæinn og stefnan tekin á áberandi kletta í norðvestri. Þetta er stutt ganga, 10–15 mín. Hæð klettanna er svona um 40 m, þar sem þeir eru hæstir.



Nr. 1. Austasti hluti klettanna í Stardalshnúk.

Bergið í hnúknum er allt öðru vísi en t. d. á Þingvöllum, meira er um lóðréttar sprungur og yfirborðið allt sléttara. Harkan í berginu er þó ekki mikil, og því eru fleygar mjög illa séðir, enda nánast óþarfi, því þarna er gósenland hnetu unnenda. Einnig er bergið tilvalið til notkunar á léttum klifurskóm, svo sem PA's, EB's o. s. frv.

Þeim leiðum, sem hér er lýst, er ætlað að gefa mönnum einhverja mynd af svæðinu. Rétt er að taka fram, að leið telst aðeins farin, ef hún hefur verið leidd og tryggingar settar í á leiðinni jafnhliða. Að klifra í línu festri að ofan (top rope) telst einungis í æfingarskyni og er vert, að menn geri sér grein



Nr. 2. Klifur í Stúkunni, takið eftir hnetunum.



Nr. 3. Einbeitni.

tyrir því. Stigaklifur er óæskilegt margra hluta vegna, m. a. eru flestar leiðir þannig úr garði gerðar að hægt er að fara þær frítt, þ. e. a. s. án stiga. Vandinn er bara að finna leið, sem hentar getu einstaklinganna. Stigaklifur er þó iðkanlegt með góðri samvisku í eystri hluta Leikhússins svonefnda.

Súmsstaðar er bergið nokkuð gróið, og þykir ástæða til að hlífa honum, því ljótt er að sjá í sár eftir umrót í gróðrinum. Munið! Fleygið aldrei rusli á svæðinu; ef menn eru ekki burðugri en það, að geta ekki tölt með sitt rusl niður aftur, ættu þeir að snúa sér að einhverju öðru, t. d. að spila bridge. Öll þessi upptalning er einungis gerð til að staðurinn megi haldast eins óflekkaður og mögulegt er um ókomin ár. Að lokum hvetjum við alla sem hafa áhuga á klifri í klettum að kynna sér kafla eftir LITO TEJADA FLORES í bókinni „The games climbers play“ (Ken Wilson). Góða skemmtun!

Einar Steingrímsson, Torfi Hjaltason

1. Leikvöllurinn:

Gráða 5.2–5.6. Fyrst klifrað upp á lága syllu, síðan beint upp sléttan vegg, ca. 1,5 m breiðan. Eftir 5–6 m er farið til hægri yfir í næstu sprungu, upp hana beint af augum þar til hún skiptist í tvennt, veljið síðan hvora leiðina sem er. Athugið að hliðrunin (traversið) er erfið nema á réttum stað. Þetta var léttasta leiðin (5.2). Sú erfiðasta (5.6) er sennilega beint upp vegginn, upp á góða syllu og af henni beint upp (örlítið til vinstri).

2. Flagan:

Gráða 5.3. Byrjunin er V-laga horn og síðan er farið beint upp.

3. Nr. 6:

Gráða 5.6. Önnur heillega sprungan frá Flögunni. Beint upp.



Nr. 4. Í hringnum er bongfleygur vitlaust rekinn í, gagnslaus. Örvarnar benda á hnetur. Fleygurinn fannst fastur þarna.

4. Stúkan:

Gráða 5.6. Þessi leið hefur þann kost (?), að hún er erfiðust neðst, en léttist ofar. Höldin eru yfirleitt góð.

5. Nr. 9:

Gráða 5.7. Byrjunin er undir smápaki, sem farið er til vinstri við út á sléttan vegg, ekki mjög brattan. Síðan beint upp að næsta þaki (over-hang) og yfir það. Auðveldara er að fara til vinstri og framhjá þakinu. Veggurinn sjálfur er því léttari sem menn eru kloflengri.

Gráðukvarðar fyrir klettaklifur

Enski gráðustiginn

(E) Easy	Auðvelt: Brölt þar sem lína er ekki nauðsynleg í öllum tilfellum.
(MOD) Moderate	Sæmandi: Góðir klettur með stórum fót- og handfestum og góðum trygg- ingarstöðum.
(DIFF) Difficult	Erfitt: Brattari leiðir en þó enn góðar festur.
(VD) Very difficult	Þó nokkuð erfitt: Lengri kaflar, minni festur. Þarfnast reynslu.
(S) Severe	Mjög erfitt: Bratt klifur, þarfnast mikillar reynslu. Frekar litlar festur.
(VS) Very severe	Mjög erfitt: Erfitt klifur. Bratt og litlar festur, þarfnast mikillar þjálfunar og reynslu. Jafnvel hætta á grjóthruni.
(HVS) Hard very severe	Gríðarlega erfitt: Mjög langar og brattar leiðir og litlar festur. Sumstaðar lausar í sér.
(XS) Extremely severe	Erfiðasta gráða sem upp er gefin.

AÐRIR GRÁÐUKVARÐAR FYRIR KLETTA

Ameríski kvarðinn (Yosemite)

Ameríski gráðustiginn er skiptur í þrjú stig, gráðu 3. fyrir brölt án línu, gráðu 4. fyrir brölt þar sem línu þarf, og þann lengsta, gráðu 5. fyrir klifur af ýmsum erfiðleikum, en hún skiptist frá 5.1 til 5.11. T. d. er 5.8 sama gráða og enska HVS.

Ástralski kvarðinn

Ástralski kvarðinn er frá 1. og upp í 22. gráður.

Franski gráðukvarðinn

er mjög líkur þeim enska, eða í orðum og byrjar í F. (Facile) og endar í ED (Extrêmement difficile).

Gráðutafla yfir nokkur lönd

Yosemite	Ástralía	England	Wales	Evrópa	Frakkland (Alpar)
—	1–3	(E)	2a.	I	(F) Facile
5.2	4–5	(MOD)	2b.	II	(PD) Peu difficile
5.3	6–7	(DIFF)	3a.	III	(AD) Assez difficile
5.4	8–9	(VD)	3b.	IV	(AD)/Difficile
5.5	10–11	(S)	4a.	IV+	(D) Difficile
5.6	12–13	(HS)	4b.	V	(D)/Trés difficile
5.7	14–15	(VS)	4c.	V+	(TD) Très difficile
5.8	16–17	(HVS)	5a.	VI	(TD)/Extrêmement difficile
5.9	18–19	(XS)	5b.	VI+	(ED) Extrêmement difficile
5.10	20–21	(XS)	5c.	VI+	(ED)
5.11	22	(XS)	6a.	VI+	(ED)

ANNARS KONAR GRÁÐUR:

Artificial climbing

Hið svokallaða „tekniska“ klifur, eða Aid climbing, er gráðað niður fjögur stig, frá A1 og upp í A4, en þannig er gráðuskiptingunni hagað:

- A1. Kaflar eru venjulega í kringum lóðrétt, og góðir klettur með völ á láréttum sprungum. Stundum þarf ekki að nota stiga.
- A2. Klifur er venjulega slútandi klifur og leiðir ekki beinar og fleygar oftast nokkuð litlir og illa staðsettir, í lélegum sprungum eða „vösum“.
- A3. Klifur er í lélegum klettum, lélegum fleygafestum og miklu slúti.
- A4. Gráðan er notuð yfirleitt til að undirstrika mesta slútið og klifur á „micro“fleygum og því um líku

Ef stafurinn „e“ er notaður (dæmi: A3e.) þýðir það að einn eða fleiri þensluboltar (Expansion bolt) hafa verið notaðir.

Snævarr Guðmundsson

(fengið úr: Rock face e. Ron James,
Big wall climbing e. Doug Scott,
The mountains e. John Cleare
og Encyclopedia of Mountaineering e. Walt Unsworth.)

Námskeiðin

Ýmsar breytingar eru á döfinni, hvað við kemur námskeiðum klúbbsins. Er þær gerðar til að tryggja gæði þeirra og árangur þeirra, sem þau sækja. Þessar breytingar eru:

1. Þátttakendur greiði 5000 kr. þátttökugjald, sem rennur til leiðbeinenda.
2. Hámarksfjöldi nemenda á hvern leiðbeinanda verður 4.
3. Vönduð námskrá verður afhent leiðbeinendum til að fara eftir, og verður hún í stöðugri endurskoðun.

Þátttökugjaldið er ekki hugsað sem gróðaleið fyrir leiðbeinendur, heldur aðeins til að tryggja vandaða kennslu. Hin tvö atriðin eru til að koma í veg fyrir, að kennslan verði laus í reipunum. Er það von okkar í fræðslunefnd, að þetta gefi góða raun.

Klettaklifurnámskeið 26., 27., 28. sept. Á inniæfingu 26. sept. verður tekið fyrir: Ýmis konar klifurútbúnaður, notkun hans og gildi.

Hnútar og bindingar. Væntanlega verða sýndar kennslumyndir.

Á æfingasvæði 27./28. sept. (Þingvöllum eða Stardal, nánar ákveðið síðar): Frekar talað um útbúnað. Hnútar og bindingar, tryggingar, klifur í línu, sig og björgun.

Nauðsynlegur útbúnaður: 1. klifursór m/stífum sóla eða léttir klettaklifur skór (P.A's eða hliðst.), 2. hjálmur, 3. klifurbelti, 4. 2x5 metrar af 5 mm línu og 5 m af 7 mm línu, 5. ein læst karabína og ef til er: fleygar, hnetur, karabínur, 11 mm 40 m lína, stigar og lykkjur (sling).

Ísklifurnámskeið 24., 25., 26. okt.

24. okt. inniæfing: Farið yfir notkun klifurbúnaðar, hnúta- og bindingar, tryggingar og rætt um ferðalög á jökli alm.

Á æfingastað 25/26. okt. (í Gígjökli): Frekar talað um klifurbúnað og notkun hans, notkun mannbrodda, notkun ísaxa, ísklifur, hnúta og bindingar, tryggingar og klifur í línu, hegðun og eðli jökla tekin fyrir svo og leiðarval og mat á erfiðleikum (hættu). Loks sig og björgun (prussik).

Nauðsynlegur útbúnaður: 1. fjallgönguskór m/stífum sóla, 2. ísexi og mannbroddar (12 brodda), 3. hjálmur, 4. klifurbelti, 5. ein læst karabína, 6. 2x5 m af 5 mm línu og 5 m af 7 mm línu, 7. legghlífar, 8. sólgleraugu (sólaráburður, verjandi) og ef til er: íshamar, ísskrúfur, karabínur, sling og lína 11 mm 4 m.

Athugið! Á fyrsta fundi 24. okt., nauðsynlegt er að menn mæti með ísaxir sem þeir kunna að eiga svo og ca. 1 m af borða (tape) til að útbúa fetil á öxina. Einnig er nauðsynlegt að koma með skó og brodda svo hægt sé að ganga úr skugga um, að broddarnir séu rétt stilltir. Af gefnu tilefni.

Að lokum, lítið svo á, að þessi námskeið séu ykkur í hag, til að forða slysum og stuðla að betri fjallamennsku.

Helgi Benediktsson

Torfi Hjaltason

Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



Core-Tex
laminate
FATNAÐUR

OG

BAKPOKAR
FRÁ

berghaus

Útilíf

GLÆSIBÆ
SÍMI 30350

Styrktaraðilar

Íslenska álfélagið h/f
Straumsvík

Plastprent h/f
Höfðabakka 9, sími 85600

Radíóbúðin
Skiopholti 19, sími 29800

Formprent
Hverfisgötu 78, sími 25960

Ferðir og fundir ÍSALP

**Opin hús og fundir eru jafnan í húsnæði
ÍSALP á Grensásvegi 5, hefjast kl.
20.30.**

Miðvikudagur 3. sept.:
Opið hús. Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir frá hvítasunnuféð í vor.

Miðvikudagur 10. sept.:
Opið hús. Skátabúðin og Útilíf kynna nýjar vöru.

Miðvikudagur 17. sept.:
Opið hús. Kennslumyndir í bergklifri sýndar.

30

Miðvikudagur 24. sept.:
Opið hús. Væntanlegir þátttakendur skrái sig á klettaklifurnámskeið.

Föstudagur 26. sept.:
Undirbúningsfundur fyrir klettaklifurnámskeið.

**Laugardagur 27.—
sunnudagur 28. sept.:**
Klettaklifurnámskeið á Þingvöllum í umsjón Torfa Hjaltasonar.

Miðvikudagur 1. okt.:
Opið hús. William Keyser sýnir myndir.

Miðvikudagur 8. okt.:
Opið hús. Kynning á nauðsynlegasta ferðaútbúnaði til fjallaferða — Magnús Guðmundsson.

Miðvikudagur 15. okt.:
Opið hús. Þór Ægisson sýnir myndir frá sl. sumri.

Miðvikudagur 22. okt.:
Opið hús. Væntanlegir þátttakendur skrái sig á ísklifurnámskeið.

Föstudagur 24. okt.:
Undirbúningsfundur fyrir ísklifurnámskeið.

**Laugardagur 25.—
sunnudagur 26. okt.:**
Ísklifurnámskeið á Gígjökli í umsjón Guðjóns Ó. Magnússonar.

Miðvikudagur 29. okt.:
Væntanlegir þátttakendur skrái sig á rötunarnámskeið. Fjöldi takmarkaður við 10. Annað námskeið verður haldið ef þörf krefur.

Mánudagur 3. nóv.:
Inni æfing í rötun (áttavitanámskeið) í umsjón Einars H. Haraldssonar.

Smáauglýsing:

Til sölu:
Ultimate klifurhjálmur, clog sigátta og Bergans grindarpoki (45 l ca). Hafið samband við Torfa Hjaltason.


Miðvikudagur 5. nóv.:
Úti æfing í rötun. Opið hús — bókasafnsvöld.

Miðvikudagur 12. nóv.:
Félagsfundur — fræðslu- og myndasýning. Staður auglýstur síðar.

Miðvikudagur 19. nóv.:
Opið hús. Ágúst Guðmundsson sýnir myndir frá sl. sumri. Rætt um Tindfjallaferð.

**Laugardagur 22.—
sunnudagur 23. nóv.:**
Ferð í Tindfjöll. Fararstjóri — Halldór Guðmundsson.

Miðvikudagur 26. nóv.:
Opið hús. Torfi Hjaltason sýnir myndir úr Alpaferð í sumar.

REPRÓ		HVERFISGÖTU 78
OFFSETVINNA		
PRENTHÖNNUN		
		25210

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



MoAc



ajungilak.



Blacks
of Greenock

ultimate

Paraboot - Galibier



Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERDAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparsveit Skáta Reykjavík